


Horfur í verslun:

Minnkandi velta og samdráttur í sölu á sumarvörum

Horfur eru á að verslun gæti dregist saman enn frekar á næstunni og lítilsháttar fækkun verði í fjölda starfsmanna. Þetta á sérstaklega við um litlar verslanir. Í niðurstöðum könnunar sem Rannsóknasetur verslunarinnar gerði nýlega meðal stjórnenda í verslun kom þetta fram auk þess sem 62% svarenda töldu að sala á árstíðabundnum sumarvörum yrði minni nú en í fyrra.


Sambærileg könnun var gerð fyrir ári síðan. Þá mat um helmingur stjórnenda í verslun horfur stöðugar það sem eftir lifði ársins og fjórðungur átti von á samdrætti. Nú telja 61% stjórnenda að búast megi við minni veltu á síðari helmingi ársins. Þeir sem núna telja að veltan muni minnka seinni helming ársins miðað við sama tíma síðasta árs telja að samdrátturinn verði að meðaltali um 27,5% að raunvirði og þeir sem gera ráð fyrir aukinni veltu telja að hún verði að meðaltali um 10% meiri en í fyrra.

Spurning: Hverjar telur þú vera horfur í veltu fyrirtækis þíns á síðari helming ársins á föstu verðlagi miðað við sama tímabil í fyrra?



Fjórðungur telur að fækka þurfi starfsmönnum


Allflestir sem tóku þátt í könnuninni töldu að starfsmannafjöldi yrði óbreyttur á seinni hluta þessa árs. Útlitið er þó heldur dekkra í augum stjórnenda og eigenda lítilla verslana því um þriðjungur þeirra telja að fækka þurfi starfsmönnum um að jafnaði um 32,5%. Tveir af hverjum þremur stjórnenda lítilla verslana telja hins vegar að starfsmannafjöldi verði óbreyttur út árið. Stjórnendur stórra verslana eða



verslanakeðja töldu í 71% tilvika að starfsmannafjöldi yrði óbreyttur út árið, 22% að starfsmönnum fækki og 7% að fjölgun yrði. Þeir sem töldu að fækka þyrfti starfsmönnum í stærri verslunum áætla að sú fækkun verði að meðaltali um 10% en þeir sem sögðustu áætla fjölgun töldu hana verða um 7,5% að meðaltali.

Lítið verður um framkvæmdir á næstunni

Spurt var hvort gera mætti ráð fyrir auknum umsvifum verslunarinnar á seinni helming þessa árs, t.d. með fjölgun eða stækkun verslana eða samdrætti. Langflestir gerðu hvorki ráð fyrir auknum umsvifum né samdrætti eða 79% svarenda. Um 18% töldu að verslunum myndi fækka eða samdráttur yrði á síðari hluta ársins og 3% að umsvif sín myndu aukast.




Þá leiddi könnunin í ljós að 46% svarenda telja að samkeppni í vöslun muni aukast á seinni hluta ársins, 33% að hún verði óbreytt og 21% að hún minnki þegar líður á árið.

Minni verslun með sumarvörur

Að lokum var spurt um horfur í sölu á árstíðabundnum sumarvörum miðað við síðasta ár. Þar kom í ljós að 62% svarenda gera ráð fyrir minni sumarverslun en í fyrra, mælt á föstu verðlagi. Jafnmargir, eða 19% telja að verslun með sumarvörur aukist eða verði óbreytt frá því í fyrra. Með sumarvörum er bæði átt fatnað, matvörur og hvers konar varnig sem ætlaður er til neyslu og notkunar sérstaklega yfir sumartímenn.

Spurning: Áttu almennt von á því að sumarverslun (verslun með árstíðabundnar sumarvörur) verði meiri eða minni en síðasta sumar, mælt á föstu verðlagi?



Könnunin var gerð á tímabilinu 22. júní – 7. júlí 2009. Könnunin náði til 62 verslunareigenda og stjórnenda í verslun. Svarhlutfall í könnuninni var 53,2%. Verslunum var skipt í tvo flokka; litlar verslanir með færri en 10 starfsmenn og stórar verslanir með fleiri en 10 starfsmenn.

Nánari upplýsingar veita:

Emil B. Karlsson (emil@bifrost.is) og Kári Joensen (kari@bifrost.is)